

Áttundi fundur skólanefndar þann 5. desember 2023 í Laugaskóla kl. 17:00

Mættir: Dagbjört Jónsdóttir, S. Narfi Rúnarsson, Guðrún María Valgeirsdóttir, Alma Dröfn Benediksdóttir, Pétur Bergmann Árnason Sigurbjörn Árni Arngrímsson skólameistari og Ragna Heiðbjört Ingunnardóttir fulltrúi kennara. Alma ritaði fundargerð.

1. Brottfall á haustönn

Þrjú nemendur hættu námi á haustönn. Þrjú nemendur til viðbótar skiptu yfir í nám utan skóla og verða ekki hjá okkur á næstu önn.

2. Umsóknir fyrir vorönn

Sjö nemendur sem ekki voru í skólanum á haustönn hafa sótt um. Sex nemendum var boðin skólavist, fjórum í staðnámi og tveimur utan skóla en þeir eru að klára sitt stúdentspróf. Einum nemanda var hafnað vegna plássleysis á Almennri braut.

Af núverandi nemendum sóttu 91 nemandi um skólann aftur, þar af tveir um útibúið á Vopnafirði og tveir í nám utan skóla. Fimm ætla að vera utan vista og því stefnir í 86 nemendur á heimavist á næstu önn.

3. Skólastarfið á haustönn

Sigurbjörn fór yfir skólastarfið á haustönn frá því í byrjun október. Starfið hefur gengið þokkalega. Tilvonandi útskriftarnemendur fóru til Lloret de Mar á Spáni í 10 daga skóla- og útskriftarferð um miðjan október. Olga Hjaltalín Ingólfisdóttir kennari og Jón Sverrir Sigtryggsson húsbóndi fóru með þeim. Ferðin gekk vel enda Jón kunnugur staðháttum þar sem hópurinn í fyrra fór á sama stað og Jón með þeim. Rætt hefur verið um að þessar ferðar séu full langar og til stendur að stytta þær.

Undir lok október fór sami nemendahópur auk áhugasamra annars árs nema á opna daga í Háskólanum á Akureyri og fengu skólakynningu. Eygló Sófusdóttir náms- og starfsráðgjafi fór með þeim.

Góð þátttaka var í kvennafrídeginum og engin kvenkyns starfsmaður í skólanum þann dag og einungis örfáir kvenkyns nemendur. Skólastarf þennan dag var fremur óhefðbundið og samanstóð af vinnustofum auk þess sem Hallur B. Reynisson áfangastjóri stóð fyrir spurningaþrautarkeppni í Þróttó.

Við fengum tvær heimsóknir í nóvember. Íslandsdeild Amnesty International kom og var með kynningu og hvatti nemendur til að taka þátt í alþjóðlegu átaki í mannréttindabaráttu sem heitir Pitt nafn bjargar lífi. Aðalsteinn Árni Baldursson og Kristján Ingi Jónsson frá Framsýn Stéttarfélagi Þingeyinga komu og fræddu nemendur í Lýðfræði um starfsemi Framsýnar sem og réttindi þeirra.

Tónkvíslin var haldin með prompi og prakt í annað sinn á árinu 25. nóvember sem hluta af tilraun skólans til að færa hana yfir á haustönn af vorönn. Allir stóru styrktaraðilarnir, Sparisjóður S-Þingeyinga og Jarðböðin við Mývatn, studdu Tónkvíslina áfram. A. Hnikarr Jónsson var krökkunum til halds og trausts en þau sáu um þetta nánast alveg sjálf með aðstoð Exton og Hlyns Þórs Jenssonar á RUV sem hefur verið með þeim alveg frá upphafi. Keppnin tókst mjög vel og var mjög jöfn og hörð að þessu sinni. Sigurvegari Tónkvíslar var Arndís Inga Árnadóttir og í grunnskólakeppninni sigraði Íris Alma Kristjánsdóttir frá Borgarhólsskóla.

Dagur Íslenskrar tungu var haldinn hátíðlegur 16. nóvember, nemendur í íslensku á öðru og þriðja ári sáu um dagskrá og upplestur.

Þann 30. nóvember var haldinn fündurdagur í skólanum þar sem skreyttar voru piparkökur, jólaskraut gert og laufabrauð skorið út.

Skólinn var með hátíðardagskrá í Þróttó þann 1. desember síðastliðinn. Dagskráin var í umsjá Lýðfræðinemenda á fyrsta ári og nemenda á Almennri braut og tókst mjög vel. Þau fluttu tvö

tónlistaratriði og voru með fjóra upplestra sem tengdust fullveldinu, fánanum og þjóðsöngnum. Sverrir Haraldsson fyrrum brautarstjóri Almennrar brautar og hélt hátíðarræðu og mæltist honum mjög vel. Á eftir var gengið í Dvergastein þar sem verkefni Lýðfræðinema tengdum fullveldinu voru skoðuð og svo fengu allir hangikjöt og laufabrauð í hádegismat.

4. Græn Skref

Skólinn steig sitt þriðja græna skref í lok nóvember og hefur Bjarney Guðrún Jónsdóttir haft mestan veg og vanda af því. Guðný Halldórsdóttir og Olga Hjaltalín Ingólfssdóttir hafa einnig komið að verkefninu.

5. Samstarf framhaldsskólanna á NA landi

Dregið hefur úr samstarfi framhaldsskólanna fimm á NA landi. Það samstarf hefur staðið alveg frá því í sameiningarumræðunni árið 2015 og hefur styrkt skólana mikið og hafa þeir geta skipt með sér ýsum verkum. Í vor dró aðeins úr samstarfinu þegar sameiningarumræða MA og VMA hófst og ákveðið að biða átekta með framhaldið þangað til niðurstaða fengist í það mál. Núna þegar búið er að blása sameininguna af er ljóst að ekki er vilji allra skólanna í hópnum að halda samstarfinu áfram í óbreyttri mynd. Skólameistara Laugaskóla hefur verið falið að ná hópnum saman til fundar og finna flöt á áframhaldandi samstarfi.

6. Agamál og veikindi

Skólameistari fór yfir agamál og veikindi sem komið hafa upp á haustönn.

7. Fjármál

Skólinn hefur skilað útkomuspá fyrir árið 2023 og gert er ráð fyrir 5,4 m.kr. tapi á rekstri skólans. Stafar það fyrst og fremst af hækkun húsaleigu en skólinn fær ekki aukningu á fjárheimildum í samræmi við hækkun húsaleigu. Einnig var talsvert um afleysingar vegna veikinda. Skólinn á 9,3 m.kr. í uppsöfnuðum afgangi til að mæta þessu tapi

Skólinn hefur skilað rekstraráætlun fyrir árið 2024 með 9,1 m.kr. tapi. Hann á þá 3,9 m.kr. til að mæta því tapi, gangi útkomuspá eftir, en það dugar hvergi nærri til. Aukningar á fjárheimildum skólans á milli ára eru ekki nærri eins miklar og útgjaldaaukning hans. Þannig má benda á að framlag ríkisins til skólans hækkar um 8,6 m.kr á milli ára, úr 412,0 m.kr. árið 2023 í 420,6 m.kr. árið 2024 eða 2,1%. Á sama tíma er áætluð hækkun húsaleigu ríkisins um 12,7 m.kr. eða 8%. Þetta er annað árið í röð sem skólinn fær um 6-7 prósentustigum lægri fjáráukningu en útgefnar vístölhækkanir í landinu.

8. Framkvæmdir

Framkvæmdir við Tjörnina eru komnar vel og veg og mun ljúka þegar vorar. Að sama skapi gengur framræsing svæðisins fyrir ofan og norðan Draugastein vel. Þar þarf að skipta um jarðveg og dren til þess að losna við leka inn í húsið. Verr horfir með framkvæmdir í Dvergasteini en til stendur til að fresta þeim um ár aftur.

9. Næsti fundur skólanefndar

Næsti fundur er áætlaður 27. febrúar kl. 17.00

10. Önnur mál

Fleira ekki bókað og fundi slitið kl.19.10